



## Skýrsla forstjóra.

Góðir fundarmenn.

Ég þakka formanni fyrir góða yfirferð sem ég mun nú fylgja á eftir með nánari upplýsingum um ársreikninginn og helstu þætti starfseminnar á liðnu ári. Ég vil byrja á því að vekja athygli á að áritun endurskoðenda á ársreikningi er fyrirvaralaus en með ábendingu sem er eftirfarandi:

Við viljum vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og skýringu nr. 13 þar sem fjallað er um óvissu í fjárhagslegri stöðu samstæðunnar. Eins og fram kemur í þessari tilvitnaðri skýringu getur ríkt verulegur vafi um að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar á næstu misserum. Byggt á þeim atriðum sem koma fram í ársreikningnum, meðal annars í tilvitnaðri skýringu, gerum við ekki fyrirvara í áliti okkar vegna þessa.


Í skýringu 13 er varðar fjárhagslega stöðu samstæðunnar eru rakin þau málsatvik sem snerta ágreining um fasteignagjöldin og formaður fór yfir hér áðan í skýrslu stjórnar – en til viðbótar er rétt að vekja athygli á niðurlagi skýringarinnar:

Þann 23. maí 2017 var gerður viðauki við samning Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar um rekstur og starfsemi Hörpu. Viðaukinn kveður á um að íslenska ríkið og Reykjavíkurborg mun leggja Hörpu til 450 milljóna króna viðbótarframlag sem greiðast skal á tímabilinu júní til desember 2017. Það leiðir til þess að lausafjárstaða samstæðunnar er tryggð til ársloka 2017.

Eiginfjárstaða samstæðunnar er neikvæð vegna taprekstrar undanfarinna ára. Í því sambandi skal þó bent á að ef núvirði óafturkræfra og skuldbindandi framtíðargreiðslna íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til ársins 2046 væri fært til eignar, sem fjáreign, myndi það leiða til þess að eiginfjárstaða samstæðunnar yrði jákvæð.

En víkjum þá að rekstrarreikningnum:

Tekjur af starfsemi samstæðunnar jukust um 215 milljónir á milli ára eða um tæp 21% og munar þar langmestu um auknar tekjur af útleigu vegna tónlistarviðburða, ráðstefna og fundahalds – sem hækkuðu um rúmar 180 m.kr. á milli ára og voru 778 m.kr. árið 2016. Tekjur af samningum við fasta íbúa í Hörpu – Sinfóníuhjómssveit Íslands og Íslensku



óperuna voru alls 193 m.kr. og hækkuðu lítillega á milli ára. Með sérstöku framlagi eigenda til rekstrar voru heildartekjur samstæðunnar alls 1.472 milljónir. Rekstrargjöldin hækkuðu hins vegar enn meira eða um 319 milljónir. Af því óx húsnæðiskostnaður um 88 m.kr. Rétt er að benda á að

fasteignagjöld, sem eru innan þessa kostnaðarliðar, eru færð í þessum ársreikningi í samræmi við það fasteignamat Þjóðskrár sem nú á síðustu dögum hefur verið fellt úr gildi og mun því væntanlega lækka um ótilgreinda upphæð. Hve mikið liggur ekki enn fyrir. Á þetta bæði við um árin 2015 og 2016.


Launakostnaður hækkar um 50 m.kr. eða um 11% á milli ára og er það á pari við meðaltalið í þróun launavísitölu á þessu tímabili. Hjá samstæðunni voru 117 á launaskrá í 52 stöðugildum og fjölgaði stöðugildum um 3 á milli ára.

Mesti kostnaðaraukinn var í liðnum aðkeypt þjónusta eða um 151 m.kr. og vegur sá kostnaður vegna viðburða í skammtímaleigu lang þyngst. Þessi kostnaður vex með auknum umsvifum í húsinu en eitt þeirra verkefna, sem enn hefur ekki náðst að leysa, er að finna heilbrigðara jafnvægi á milli tekna og gjalda í þessari kjarnastarfsemi Hörpu. Afkoman versnaði því á milli ára og tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITA) samstæðunnar var tæpar 294 m.kr. á móti 210 m.kr. árið 2015. Þegar horft er á afkomuna eftir afskriftir, sem eru rúmar 340 m.kr., fjármagnsgjöld og framlag eigenda til endurgreiðslu á skuldabréfi vegna byggingar og búnaðar, er bókfært tap 669 m.kr. og versnar afkoman því um 129 m.kr. á milli ára.

Það er ekki mikil breyting á efnahagsreikningi Hörpu á milli ára.


Fastafjármunir samstæðunnar eru að verðmæti rúmlega 19.5 milljarðar. Breytingar á milli ára á veltufjármunum eru aðallega vegna kröfu sem myndaðist á Reykjavíkurborg vegna leiðréttingar fasteignagjalda árið 2015. Eignir samstæðunnar stóðu því í árslok í rúmum 20 milljörðum króna.

Harpa hefur verið rekin með tapi frá opnun. Vel hefur gengið að auka umsvif og starfsemi í húsinu og hafa tekjur vaxið í takti við þessa jákvæðu þróun. Kostnaður hefur hins vegar þyngst hlutfallslega meira og því hefur uppsafnað tap nú þurrkað út eigið fé þannig að það var neikvætt í árslok sem nemur rúmum 156 m.kr. Þetta er augljóslega alvarleg staða fyrir félagið sem þarf að leysa.



Endurskoðendur félagsins benda hins vegar í þessu sambandi á – líkt og áður er rakið – að væru óafturkræf framlög eigenda til greiðslu á þeirri skuld sem færð er í reikninga samstæðunnar upp á 19.2 ma. kr. - færð til eignar, yrði eiginfjárstaðan jákvæð.

Líkt og formaður stjórnar sagði svo skýrt, hafa væntingar um jafnvægi í rekstri Hörpu ekki gengið eftir. Fjölmargir ytri þættir spila þar stórt hlutverk auk annarra innri þátta er lúta að skipulagi og stjórnun rekstrar. Að mínu mati er ljóst að hugsa þarf rekstrargrundvöll Hörpu upp á nýtt og byggja hann í jöfnum hlutum á raunhæfni og metnaði og þeirri framtíðarsýn sem eigendurnir; ríki og Reykjavíkurborg ákveða að skuli lýsa starfseminni veginn. Án þess er tómt mál að tala um að Harpa sé opin og aðgengileg fyrir allrar tegundir tónlistar eða rísi undir væntingum um menningarlegt hlutverk sitt.



En þrátt fyrir þessar áskoranir er starfsemin í Hörpu blómleg. Á fimm ára afmælisárinu **4** 2016 var fjöldi heimsóknna í húsið tæplega 2 milljónir, viðburðirnir töldu 1284, þar af 835 listviðburðir og aukning á nýtingu sala var um 22% frá fyrra ári.

Meðal þeirra viðburða í klassíska geiranum sem ég vil sérstaklega nefna er heimsókn San Francisco ballettsins undir stjórn Helga Tómassonar á vormánuðum en fimm sýningar ballettflokksins glöddu gesti Hörpu, glæsilegar uppfærslur Íslensku óperunnar á Don Giovanni og Evgení Onégín og metnaðarfullt starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er hinn sterki rauði þráður í menningarstarfi hússins. Stórsveit Reykjavíkur er svo þriðji fasti íbúinn í Hörpu og setur líflegan lit á starfsemina.

Velflestar borgarhátíðir í Reykjavík fundu sér að venju stað í Hörpu og má þar m.a. nefna Barnamenningarhátíð, HönnunarMars, Jazzhátíð í Reykjavík, Menningarnótt, Iceland Airwaves, Sónar og Myrka músíkdaga. Auk San Fransisco ballettsins stóð Harpa fyrir öðrum eigin viðburðum og samstarfsverkefnum þar sem helst má telja Reykjavík MidSummer Music (RMM) undir stjórn Víkings Heiðars Ólafssonar, heimsókn Vínardrengjakórsins, tónleikar með Eivöru Pálsdóttur, Mariu Joao Pires, ballettinn frá St. Pétursborg og loks sýndarveruleikasýninguna Björk Digital.



Stórar alþjóðlegar ráðstefnur voru haldnar í Hörpu s.s. Arctic Circle og einstakir alþjóðlegir fyrirtækjaviðburðir s.s. á vegum Pirelli, LED og Alliance sem settu svip sinn á árið og reyndu á þanþol hússins.

Nú þegar allt stefnir í að Marriott Edition hótelið verði opnað við hlið Hörpu seinni hluta árs 2019 ættu að opnast enn frekari tækifæri í ráðstefnuhaldi og menningartengdri ferðaþjónustu.

Á síðasta ári var einmitt farið að huga enn frekar að aukinni þjónustu við ferðamenn og á sumarmánuðum var boðið upp á fimm reglubundna viðburði auk skipulagðra

skoðunarferða. Harpa er næst fjölsóttasti ferðamannastaður í Reykjavík því miðað við **5** brottfararkönnun Höfuðborgarstofu í Leifsstöð má draga þær ályktanir að 54% erlendra ferðamanna í Reykjavík hafi heimsótt húsið – eða allt að 900.000 manns.

Undirrituð kom til starfa 1. maí sl. og ég þakka fyrir að hafa verið treyst til að leiða Hörpu áfram inn í nýja tíma. Líkt og þessi ársreikningur ber glöggt vitni um og hér hefur verið rakið – bæði í mínu máli og í skýrslu stjórnar - var staðan á vormánuðum afar þung og er mikið verk að vinna svo koma megi rekstrinum á heilbrigðan grunn. Sumarmánuðir hafa farið í að rýna mjög markvisst ýmsa lykil þætti rekstrarins og leit að leiðum til hagræðingar.

Samstarfið við eigendur Hörpu hefur verið afar gott í þessu mikilvæga verkefni og vil ég þakka sérstaklega fyrir það. Þessi vinna mun skila árangri og er markmið okkar að ná um 150 m.kr. bætingu með hagræðingu og aukinni framlegð í rekstri á næstu árum. Ég vil segja það skýrt að sá árangur sem næst mun þó hvorki verða af þeirri stærðargráðu að reksturinn verði sjálfbær án aðkomu eigenda - né mun hann skila sér á svipstundu.



Áframhaldandi rýning verður því einnig að fela í sér endurskoðun á grundvelli rekstrarmódelis hússins, jafnvel möguleikum í aukinni samlegð fastra notenda, fjármögnun eigendastefnunnar varðandi menningarleg og listræn markmið auk samtali um hlutverk Hörpu í móttöku og þjónustu við ferðamenn í Reykjavík. Að öðru leyti tek ég undir allt sem kom fram í ávarpi formanns um stóru viðfangsefnin framundan.

Það var sannarlega afrek að byggja þetta hús – afrek sem má aldrei gleymast - en heldur ekki hitt að með húsinu er sagan ekki nema hálfsgöð. Hin raunverulegu verðmæti felast í innihaldinu sem húsið geymir; í menningunni, tónlistinni, upplifunum og uppgötvunum, þekkingarmiðlun og skemmtun. Í því að hér á að vera lifandi vettvangur og opinn

leikvöllur þar sem straumar mætast og draumar rætast.  
Allt samfélaginu til heilla.

6

Það er því að mínu mati yrir löngu kominn tími til að hætta að hanga í baksýnispeglinum og að allir sem Hörpu eiga og elska einbeiti sér í sameiningu - og af fullum krafti að framtíðinni.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum afar gott samstarf og óska þeim velfarnaðar sem nú eru að hverfa af þeim vettvangi. Gæfa Hörpu felst ekki síst í góðu starfsfólki sem af fagmennsku og trygglyndi gerir samstarfið við gríðarstóran hóp aðila og heimsókn gesta í húsið að eins frábærri reynslu og raun ber vitni. Þannig viljum við halda áfram.

Reykjavík 11. september 2017

Svanhildur Konráðsdóttir  
Forstjóri Hörpu.